

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar vegna landnotkunar á Selfossi og stefnu um náttúruvá.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. febrúar 2025 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 sem samþykkt var í bæjarstjórn 15. janúar 2025.

Í breytingunni felst að flugvallarsvæði á Selfossi (FV1 og HF1) minnkar úr 41 ha í 34,1 ha og vesturbraut styttest. Jafnframt minnkar opið svæði (OP1) norðan flugvallar úr 111,8 ha í 105,9 ha og við það stækkar aðliggjandi landbúnaðarsvæði (L2). Þá stækkar miðsvæði (M4) á Selfossi um 0,3 ha og minnkar samfélagsþjónusta (S3) sem því nemur. Heimila á bílakjallara innan flóðasvæða á Selfossi og í dreifbýli. Þéttbýlismörk Selfoss eru aðlöguð að breytttri afmörkun flugvallar og opins svæðis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 5. febrúar 2025.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 19. febrúar 2025